

Viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara

Eldgos – öskufall – eldingar

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera oftast boð á undan sér, með jarðskjálfum sem greinast á mælum Veðurstofunnar. Hætta getur stafað af eldgosum vegna hraunrennslis og öskufalls.

Loftgæði og svifryk

- Áhrif svifryks á heilsu fólks eru háð stæð agnanna. Fínar agnir eru hættulegri en grófar, en agnir minni en 10 µm eiga auðveldara með að ná djúpt niður í lungun.
- Styrkur svifryks getur aukist þegar úti er stillt og þurr í loft, einkum kalda vetrardaga. Eins ef umferð er mikil við stórar umferðaræðar. Rok eykur uppfok á ögnum frá jarðvegi og umhverfi.

Öskufall getur borist um allt land með vindum. Gjóska er varasöm vegna eldinga, eiturgufa og eiturefna.

Í gjóskufalli og þrumuverði með eldingum ættu allir að koma sér í skjól. Forðast vatn, hæðir í landslagi, berangur, málmhluti, raflínur, girðingar, vélar, stór tré og leita skjóls í byggingum/ökutækjum. Loka gluggum.

Slái eldingu niður á berangri skal: Krjúpa á kné, beygja sig fram og styðja höndum á hnén. Leggist ekki flöt.

Innanhúss þar sem eldingu getur slegið niður í lagnir utanhúss og leitt inn skal: Ekki nota neitt vatn úr vatnsleiðslum. Haldið fólki fjarri útidyrum, gluggum og lagnakerfum.

Notið ekki tæki í sambandi við rafmagn. Ekki nota farsíma í hleðslu. Takið öll rafmagnstæki úr sambandi. Rafspenna situr ekki í fólki sem verður fyrir eldingu og því má veita nauðsynlega aðstoð strax. Veitið skyndihjálp og hringið í 112.

Fylgja skal fyrirmælum almannavarnarnefndar www.almannavarnir.is

Viðmið um loftgæði tengd öskufalli heimasíðu skal sækja á heimasíðu Umhverfisstofnunar. www.ust.is/einstaklingar/loftgaedi/

Jarðskjálftar

- Öryggisráðstafanir og rétt viðbrögð draga úr hættu. Veggfesta allt sem hægt er og hafa þunga hluti næst gólfi. Í aukinni skjálftavirkni er heppilegt að allir séu á skóm innandyra vegna hættu af glerbrotum. Þá ættu börn ekki að vera ein í lokuðu rými því hurðar geta skekkst í skjálfa þannig að þær opnast ekki.

Viðbrögð við jarðskjálfa

- Í jarðskjálfa getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu
- Leita skjóls, vera kyrr á öruggum stað inni, út í horni við burðarvegg fjarri gluggum.
- Viðbrögð við jarðskjálfta ættu aða vera

Krjúpa, skýla höfði og halda sér í ef ekki er unnt að komast á opið svæði.
Fara út í horn burðarveggja, í hurðarop eða undir borð og
KRJÚPA, SKÝLA höfði og HALDA sér.

Eftir skjálfta: meta stöðuna og bregðast við með tilliti til slysa, skemmda og öryggisþátta.

Sjá: Jarðskjálftakver Almanavarna www.almanavarnair.is